

**37**  
8. sept.

5. gr.

Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en á Alþingi 1932.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Tryggvi Þórhallsson.*

**38**  
8. sept.

## L Ö G

um

heimild fyrir Landsbanka Íslands til þess að kaupa nokkurn hluta af víxlum og lánum útibúa Útvegsbanka Íslands h/f á Ísafirði og Akureyri.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsbanka Íslands veitist heimild til þess að kaupa af Útvegsbanka Íslands h/f víxla og lán útibúa téðs banka á Ísafirði og Akureyri, allt að 2500000 kr., vegna inndráttar á seðlum þeim, er Útvegsbanki Íslands hefir nú í umferð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Ásgeir Ásgeirsson.*